

Fundur stjórnar Retrieverdeildar, haldinn 30.06.14

Mættir : Heiðar J. Sveinsson, Arnar Tryggvason, Þórhallur Atlason, Þórgunnur Eyfjörð Pétursdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir, gestur fundarins Elsa Hlín Magnúsdóttir.

1. Farið var yfir lokafrágang vegna Deildarviðburðar, skipulag og aðföng. Skipulag viðburða eins og sýningar og veiðiprófa var lokið. Klárt hvernig dómara koma á svæðið.
2. Tjald kemur að norðan, samþykkt að ábyrgjast tjaldið til þeirra sem lánuðu það.
3. Breytingar á kröfum vegna DNA fyrir PRA hjá Golden. Sendum greinargerð með tillögnum - samþykkt að senda á stjórn HRFÍ.
4. Pörunarbeiðnir afgreiddar.  
tvær pörunarbeiðnir lágu fyrir fundinum, þær voru afgreiddar.
5. Fyrirspurn kom frá deildarmeðlimi hvort hægt væri að uppfæra heimilisföng í gagngrunni. Samþykkt var að gera það ef upplýsingar bærust frá eiganda hundsins.
6. Önnur mál  
Eitthvað er um að farandbikarar séu að fyllast, spurning hvað skal gera við þá. Eðlilegt þykir að deildin taki þá til varðveislu, spurning hvort hægt er að koma upp bikaraskáp t.d. í Sólheimakoti.

Fleira ekki gert, fundargerð ritaði GG.